

Framhaldsaðalfundur FÍSOS haldinn í Kornhúsinu, Árbæjarsafni þriðjudagskvöldið 5. febrúar 2013 og hófst kl. 20.

Formaður FÍSOS, Sigríður Melrós Ólafsdóttir setti fundinn. Helga Maureen Gylfadóttir var kosinn fundarstjóri og Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir ritari fundarins.

Fyrsta mál á dagskrá:

Hækkun félagsgjalda

Formaður mælti fyrir hækkun félagsgjalda úr 3000 kr. í 5000 kr. Gjaldkeri FÍSOS rökstuddi ákvörðun stjórnar og sagði nauðsynlegt fyrir afkomu félagsins og til að geta aukið starfsemi þess að afla meiri tekna. Stærstu útgjaldaliðir eru: Heimasíða, félagsskírteini. Félagsgjöld síðasta ár voru alls kr. 600.000 en útgjöld rúml. kr. 800.000. Umræður urðu á fundinum um hvort ekki væri tímabært að nema í safnafræði og hagnýtri menningarmiðlun greiddu hálf félagsgjald, en hingað til hafa þeir ekki greitt neitt en eru með félagsskírteini og allt það sem fylgir fullri aðild.

Lögð fram tillaga um hækkun á félagsgjöldum bæði til nema og annarra félagsmanna um kr 2000. Samþykkt.

Nýútkomin skýrsla vinnuhóps um breytingar og endurmat á FÍSOS kynnt.

Arndís Bergsdóttir kynnti efni skýrslunnar sem vinnuhópur skilaði af sér í desember síðasliðnum. Auk Arndísar voru í vinnuhópnum, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, Guðný Dóra Gestsdóttir og Bergsveinn Þórsson. Skilað af sér í desember.

Skýrslan fjallar um hugsanlega breytt hlutverk í ljósi nýrra safnalaga og hugmyndir verksvið hugsanlegs framkvæmdastjóra FÍSOS. Breytt hlutverk safnaráðs gerir að verkum að FÍSOS verði eini samráðsvettvangur safna og safnafólks.

Umræður urðu um efni skýrslunnar og framtíðarhlutverk FÍSOS. Rætt um að breytinging á félaginu úr félagi safnamanna í félag íslenskra safna og safnamanna 2001 hefði ekki skilað því sem vonir stóðu til. Af 62 söfnum í landinu greiða einungis 10 þeirra félagsgjöld í FÍSOS og virðist lítill áhugi meðal forráðamanna eða eiganda safna að þetta breytist. Fylgja þarf eftir breytingum frá 2001 um félagsaðild safna. Skerpa þarfná því hvað söfn fá út úr aðild að félaginu.

Rætt um starfsvið og starfshlutfall hugsanlegs framkvæmdastjóra. Formaður sagði að aðallega væri horft til Norðurlandanna og systurfélaga þar varðandi fyrirmynd að starfi framkvæmdastóra. Framkvæmdastjórar í sambærilegum félagasamtökum væru ýmist verkefnaráðnir eða í hlutastarfi og rekstrarkostnaður skrifstofu í algjöru lágmarki.

Rætt var um að hugsanlega myndu verkefni FÍSOS og höfuðsafna skarast í framtíðinni. Nauðsynleg væri að fara yfir og skilgreina þau verkefni. Mætti hefja viðræður við þau að kaupa faglega þjónustu af FÍSOS? Einnig mætti sjá fyrir sér að verkefnaráðinn starfsmaður FÍSOS myndi hafa samband við forstöðumenn safna og vekja athygli þeirra á mikilsvægi þess að vera í félaginu.

Lögð fram eftirfarandi bókun:

Tvískipt félagsaðild. Stjórn FÍSOS er falið að efla félagið sem fagfélag og öflugan talsmann sem berst fyrir hagsmunum safna. Einnig að efla samráð við önnur fagfélög. Gera tillögur um framtíðarfjármögnun starfseminnar meðal annars með viðræðum við höfuðsöfn, ríki og aðra eigendur safna. Kynna þarf hagsmuni félagsaðildar fyrir söfnum.

Skilgreina tilgang félagsins á grundvelli fyrirbyggjandi skýrslu starfshóps um framtíð FÍSOS frá des. 2012 og umræðna á framhaldsaðalfundi 5.2. 2013. Skýr rammi um starfsemina liggja frammi á aðalfundi í haust og undirbúningur fyrir nauðsynlegar lagabreytingar.

Bókun samþykkt. Vinnuhópnum um skýrsluna þökkud góð störf.

Farskóli FÍSOS 2013 og 2014.

Á aðalfundi á Akureyri síðastliðið haust var kynnt að höfuðsöfnin myndu sjá um farskólann 2013. Talsverðar umræður urðu á fundinum og komu fram ýmsar hugmyndir m.a. um að tímabært væri að fara með farskólann út fyrir landsteinana. Hugur félagsmanna hefur skírlega komið í ljós á samtalsvef safnmanna og í könnum sem þar fór fram. Niðurstaðan er sú að farskólinn 2013 verður haldinn á vegum höfuðsafnanna á höfuðborgarsvæðinu. Stefnt verði að því að farskólinn 2014 verði haldinn í Berlín.

Farskólastjóri 2013 verður Svanfríður Franklínisdóttir frá Listasafni Íslands. Farskólastjórn ekki endanlega ákveðin. Dagsetning á farskóla verður sennilega í lok september en stefnt er að því að ákveða hana sem fyrst.

Farskólastjórn 2014: Helga Maureen, Linda Ásdísardóttir, Inga LáraBaldvinsdóttir. Farskólastjóri hefur ekki verið valinn. Farskólastjórn 2014 mun kynna farskólann í Berlín á farskólanum í haust.

Eftirfarandi tillögur lagðar fram:

Lögð fram tillaga um tvöföldun félagsgjalda safna skv. hverjum gjaldlið.
Samþykkt.

Lögð fram tillaga varðandi skipan ráðherra í safnaráð án tilnefningar:

Arndís Bergsdóttir bar upp eftirfarandi:

Skipunin sé misráðin ráðstöfun og óheppileg hagsmunatengsl geta skapast þar sem starfsmaður (varaforstjóri) Landsvirkjunar sitji í ráðinu - þá sérstaklega í ljósi þess að sýnileiki Náttúruminjasafns mun að öllum líkindum verða að veruleika á næstunni. Samkvæmt nýjum safnalögum <http://www.althingi.is/altext/stjt/2011.141.html> hefur safnaráð fjölþætt hlutverk og mætti helst benda á mögulega skörun á störfum starfsmanns Landsvirkjunar þegar kemur að lið a) í 7gr. "að hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu" og lið j) "að veita umsögn um styrkumsóknir úr safnasjóði". Það er til að mynda spurning hvort eðlilegt sé að fulltrúi Landsvirkjunar sitji í ráði sem hafi eftirlit með safnastarfi á sviði lands og náttúru? Hefur það áhrif á safnastarfið? Hvernig áhrif? Og varðandi t.d. lið j) ...mun seta fulltrúans hafa áhrif á það hvaða verkefni eru valin þegar kemur að styrkjum?

Arndís leggur til að óskað verði eftir_rökstuðningi fyrir þessari skipan því sátt þarf að ríkja um skipun í ráðið og hún sé hafin yfir tortryggni.

Miklar umræður urðu um þetta á fundinum og skiptar skoðanir. Fram kom að á fundum ráðsins giltu strangar reglur varðandi hæfi og mun aðili víkja ef einhver grunur er á vanhæfni. Einnig að búið sé að tryggja að í ráðinu sitji fagaðilar FÍSOS og ICOM. Sveitastjórnir skipa sinn aðila og ríkið skipar sinn aðila skv. besta geðþótta. Lögin væru skýr varðandi þetta. Tillögur safnaráðs varðandi styrki eru einungis ráðgefandi fyrir ráðherra. Umræðunni um þetta mál var fagnað og hún væri góð og bent á að ekki væri verið að ræða persónur heldur verið að ræða rökstuðning. Rætt var um að töf á úthlutun styrkja væri búin að vera mikil hugsanlega gæti þessi umræða eða bókun tafið þetta enn frekar. Eftir umræður fundarins varð samþykkt að bókun yrði á þessa leið:

Stjórn falið að klára eftirfarandi bókun:

Framhaldsaðalfundur Físos þ. 5.2. óskar nýju safnaráði velfarnar í starfi. Og um leið verði hnykktt á því að FÍSOS væntir þess að ráðið setji sér starfsreglur sem fyrst þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra. Um leið yrði óskað eftir rökstuðningi ráðherra fyrir skipan fulltrúa án tilnefningar.

Stjórn skoðar málið með tilliti til safnalaga.

Formaður þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 22.35.

